

Bæjarráð Ísafjarðar / Byggingafulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Góðan daginn,

Erindi þessa bréfs er ósk um að eignast aftur lögheimili að Brekku í Brekkudal, Dýrafirði.

Við hjónin Guðrún Steinþórsdóttir og Dagbjartur Bjarnason fluttum til Noregs út af persónulegum ástæðum árið 2014 en höfðum fram að þeim tíma átt lögheimili á Brekku í Brekkudal, ásamt nöfnu minni og föðursystur Guðrúnu Steinþórsdóttur og Hallgrími Sveinssyni.

Hallgrímur hafði hafið baráttu við yfirvöld um að fá lögheimili þeirra breytt til baka að Brekku en entist ekki líf til þess en hann andaðist í feb 2020. (Sjá meðfylgjandi skjöl).

Eins og áður sagði áttum við Dagbjartur lögheimili á Brekku til ársins 2014. Við komum svo heim í vor og höfum búið á Brekku og starfað á Þingeyri og höfum plön um að halda lífi okkar áfram hér þar sem frá var horfið 2014.

Þegar við mættum í eigin persónu í Þjóðskrá í Rvk til að flytja lögheimili okkar aftur heim á Brekku var okkur tilkynnt það að það væri ekki hægt því ekkert íbúðarhús væri skráð á jörðinni ???

Nú spyrjum við hvað skeði, við höfðum jú átt lögheimili þarna áður og húskostur hefur ekkert breyst, á jörðinni stendur lítið íbúðarhús og hefur staðið hér í 20 ár, sem þið veljið að kalla "sumarhús" og svo lítið gestahús og hér eru svo einnig útihús/skepnuhús í okkar eigu.

Mig langar einnig að ýtreka það að Brekka er lögbýli og við búum hér í dag.

Við gátum sem sagt ekki flutt lögheimili okkar á Brekku en starfsmaður Þjóðskrár bauðst til að flytja lögheimili okkar "ótilgreint" til Ísafjarðarbæjar.

Eftir því sem ég skoða málið betur skil ég ekki svona málatilbúning eða málþóf, um hvað snýst málið eiginlega ???

Eru til einhver lög um hver stærð íbúðarhúsnæðis á að vera ?

Er það ekki farið að snúast um mannréttindi ef það er orðin einhver lágmarksstærð sem fólk verður að búa í, en ef svo er þá held ég að Ísafjarðarbær megi fara að taka til hjá sér, því ég veit að ekki þarf að fara lengra en niður á Þingeyri til að finna minna íbúðarhúsnæði sem fólk hefur fengið að eiga lögheimili í án vandkvæða.

Eins og áður sagði hefur þetta umrædda hús nú staðið hér í 20 ár og eiga eðli málsins samkvæmt allar teikningar og skjöl þessu viðkomandi að vera í fórum Ísafjarðarbæjar.

Það kemur skýrt fram í bréfi til Hallgríms frá Axel R Överby þáverandi bygg.fulltrúa dags 22 mars 2019 að það þurfi formlegt erindi /umsókn " Sé það ósk ykkar um að breyting sé gerð á skráningum húsnæðisins, þá þarf ég að fá formlegt erindi frá ykkur þess eðlis" (tilvitun líkur).

Axel segir einnig að það geti verið að fasteignagjöld og sorpgjald hækki, við erum búin að borga fullt sorpgjald hér á Brekku í mörg ár án þess að hér hafi nokkurn tíma komið sorpbíll á bæjarhlaðið.

Við, Guðrún Steinþórsdóttir og Dagbjartur Bjarnason leggjum hér með fram formlega ósk um að breyting verði gerð á skráningu hússins úr bústað í íbúðarhús, hið allra fyrsta án þess að vera teygja þetta mál eitthvað frekar og eyða tíma okkar allra.

Ein spurning frá okkar hendi í lokin, hvernig gátum við átt hér lögheimili áður ?

Vonumst eftir snöggri og góðri málsmeðferð.

Guðrún Steinþórsdóttir og Dagbjartur Bjarnason  
Brekku, Brekkudal 471 Þingeyri